

Ed.

740. Frumvarp til laga

[191. mál]

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

2. töluliður 31. gr. laganna orðist svo:

Milli fastra veiðivéla, hvort heldur eru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 m bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar. Lengd veiðivélar skal telja frá föstum árbakka út að yzta enda vélar, hvort sem girðing er á allri þeirri leið eða ekki. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

2. töluliður 31. gr. laganna hefur verið túlkaður svo, að eyrar í ám skuli taldar sem árbakki, þegar um er að ræða lengd veiðivéla. Þar sem þessi túlkun laganna er ekki í samræmi við upphaflegan tilgang þeirra, þykir ástæða til að breyta orðalaginu svo, að ekki verði villzt um það markmið, sem stefnt er að með ákvæði greinarinnar.